

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.  
Ársreikningur 2020

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.  
Skógarbraut 946  
232 Reykjanesbær  
Kt. 701006-0970

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun ríkisendurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur félagsins er að leiða formlegt samstarf ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll og nærsvæða. Samkomulag um samstarfið var undirritað 16. desember 2019.

Hlutverk félagsins er að leiða stefnumótun og greiningu á tækifærum fyrir svæðið í heild sem auki samkeppnishæfni flugvallarins og þar af leiðandi svæðisins. Að setja fram heilsteypt skipulag fyrir svæðið sem felur í sér skýra forgangsröðun uppbyggingar lands sem samkomulag aðila tekur til þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi á öllum stigum skipulags og þróunar. Að kynna og markaðssetja svæðið, koma fram sem samningsaðili við þá sem hafa hug á fjárfestingu og uppbyggingu á svæðinu og ráðstafa eftir atvikum lóðum og innheimtu byggingarréttar og lóðarleigu að lokinni skipulagsvinnu á gagnsæjan og opinn hátt.

## Rekstur ársins 2020 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 12,0 millj. kr. á árinu 2020 og lækkuðu um 169,3 millj. kr. milli ára eða um 93%. Tap félagsins á árinu 2020 nam 173,3 millj. kr.

Eigið fé félagsins í árslok nam 1.890,7 millj. kr. (2019: 2.063,9 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 20,0 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur arður til hlutahafa á árinu 2021 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Megin ástæða lakari afkomu félagsins á árinu 2020 samanborið við 2019 er breytt hlutverk félagsins og breyttur tekjugrunnur. Félagið fær nú 5% umsýsluþóknun vegna innheimtu lóðaleigu auk útlagðs kostnaðar í stað heildarlóðaleigu áður og allur kostnaður vegna stefnumótunar og greiningar á tækifærum er færður til gjalda þegar hann fellur til.

Félagið vinnur í samræmi við samþykka fimm ára áætlun (2020-2025) og er gert ráð fyrir taprekstri þessi fimm ár og er hann að fullu fjármagnaður af eigin fé.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var fjórir (2019: fjórir).

Hlutafé er að fullu í eigu Ríkissjóðs Íslands í árslok líkt og í ársbyrjun.

Stjórn og framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Ásbrú, 8. apríl 2021.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun ríkisendurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

### Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana.

Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðum.

Kannað var hvort rekstur félagsins var í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáráukalög sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin er framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2020 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 8. apríl 2021

Skúli Eggert Þórðarson  
ríkisendurskoðandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

### Áritun um endurskoðun ársreiknings

#### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. 31. desember 2020, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

#### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2020 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þeir ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og víðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá realum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.

---

- Metum hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningssskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 8. apríl 2021

Óskar Sverrisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Innheimtutekjur vegna lóðaleigu .....		8.850.485	0
Aðrar tekjur .....	9	3.131.458	181.239.007
		<u>11.981.943</u>	<u>181.239.007</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	10	73.694.934	72.260.159
Annar rekstrarkostnaður .....	11	130.473.949	94.819.980
Afskriftir .....	13	1.439.913	741.972
		<u>205.608.796</u>	<u>167.822.111</u>
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(	193.626.853)	13.416.896
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		30.206.582	74.563.824
Niðurfærsla eignarhluta í félagi .....	(	15.000.000)	( 9.842.379)
Vaxtagjöld .....	(	13.785)	( 11.514)
Gengismunur .....		8.123.028	1.533.994
		<u>23.315.825</u>	<u>66.243.925</u>
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....	(	170.311.028)	79.660.821
Tekjuskattur .....	12	( 2.945.166)	2.945.166
<b>(Tap) hagnaður ársins .....</b>	17	<u>( 173.256.194)</u>	<u>82.605.987</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	13	709.300	2.149.213
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	14	157.621	15.157.621
Skatteign .....	15	0	2.945.166
Fastafjármunir		<u>866.921</u>	<u>20.252.000</u>
Viðskiptakröfur .....		5.183.491	3.560.229
Aðrar skammtímakröfur .....		6.645.439	16.214.403
Handbært fé .....		2.071.054.692	2.034.712.950
Veltufjármunir		<u>2.082.883.622</u>	<u>2.054.487.582</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.083.750.543</u>	<u>2.074.739.582</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	16	20.000.000	20.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		5.000.000	5.000.000
Óráðstafað eigið fé .....		1.865.662.329	2.038.918.523
Eigið fé	17	<u>1.890.662.329</u>	<u>2.063.918.523</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		14.539.058	4.117.925
Skuldir við tengda aðila .....	19	170.571.640	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		7.977.516	6.703.134
Skammtímaskuldir		<u>193.088.214</u>	<u>10.821.059</u>
Skuldir samtals		<u>193.088.214</u>	<u>10.821.059</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>2.083.750.543</u>	<u>2.074.739.582</u>



## Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Tap) hagnaður ársins .....	17 (	173.256.194)	82.605.987
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	13	1.439.913	741.972
Niðurfærsla eignarhluta í félagi .....		15.000.000	9.842.379
Frestaður tekjuskattur, breyting .....		2.945.166	( 2.945.166)
Veltufé (til) frá rekstri		<u>( 153.871.115)</u>	<u>90.245.172</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun .....		7.945.702	9.040.245
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		11.695.515	( 1.051.679.719)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>19.641.217</u>	<u>( 1.042.639.474)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>( 134.229.898)</u>	<u>( 952.394.302)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Skuldabréfaeign, breyting .....		<u>0</u>	<u>160.560.000</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>160.560.000</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skuldir við tengda aðila, breyting .....		<u>170.571.640</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>170.571.640</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		36.341.742	( 791.834.302)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>2.034.712.950</u>	<u>2.826.547.252</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u><u>2.071.054.692</u></u>	<u><u>2.034.712.950</u></u>

# Skýringar

## 1. Félagið

Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ. Starfsemi félagsins er að leiða formlegt samstarf ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll og nærsvæða.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 4. Innlausn tekna

Félagið sér um umsýslu með lóðum ríkisins að Ásbrú og fær af því leigulóðartekjur. Á árinu 2020 urðu breytingar á tekjuöflun félagsins, en nú fær það 5% umsýslubókun vegna innheimtrar lóðaleigu auk útlagðs kostnaðar vegna innheimtu. Tekjur er færðar þegar þær eru áunnar.

## 5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vélar, áhöld og tæki ..... 2 - 4 ár

## 6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

## 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 9. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2020	2019
Lóðarleiga v. viðskipta og þjónustuhúsnæðis .....	0	114.612.942
Lóðarleiga v. íbúðahúsnæðis .....	0	66.626.065
Endurrukkaður kostnaður vegna lóðarleigu .....	3.131.458	0
Aðrar tekjur samtals .....	<u>3.131.458</u>	<u>181.239.007</u>

# Skýringar

## 10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun .....	57.541.294	53.989.352
Akstur starfsmanna .....	3.835.528	4.193.480
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	8.424.741	7.158.973
Önnur launatengd gjöld .....	5.320.388	5.214.817
Áfallið orlof, breyting .....	( 1.427.017)	1.703.537
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>73.694.934</u>	<u>72.260.159</u>
Ársverk .....	4	4

Laun og hlunnindi stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 27,5 millj. kr. á árinu 2020 (2019: 30,1 millj. kr.).

## 11. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinast þannig:	2020	2019
Rekstur húsnæðis .....	7.824.696	8.508.534
Umsýsla lóða .....	22.671.721	12.354.199
Ráðgjafakostnaður .....	20.028.923	17.334.006
Rekstur bifreiða .....	408.127	295.305
Stefnumótun og greining .....	34.340.463	0
Undirbúningur v. samkeppni .....	11.664.765	0
Verkefna- og markaðskostnaður .....	11.375.279	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	18.027.099	43.927.154
Markaðskostnaður .....	1.535.448	4.583.755
Ýmis annar rekstrarkostnaður .....	2.597.428	7.817.027
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>130.473.949</u>	<u>94.819.980</u>

## 12. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2020	2019
Breyting á skatteign .....	( 2.945.166)	2.945.166
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	<u>( 2.945.166)</u>	<u>2.945.166</u>

Virkt skatthlutfall:	2020	2019
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....	( 170.311.028)	79.660.821
Tekjusk. miðað við gildandi skatthlutf. ....	20% 34.062.206	20% ( 15.932.164)
Ófrádráttarþær kostnaður .....	2% ( 3.003.580)	(0%) ( 3.500)
Niðurfærsla skatteignar .....	20% ( 34.003.792)	0% 0
Aðrar breytingar .....	0% 0	24% 18.880.830
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	2% <u>( 2.945.166)</u>	4% <u>2.945.166</u>

# Skýringar

## 13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	<b>Vélar, áhöld og tæki</b>
Heildarverð 1.1.2019.....	10.206.686
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 922.115)
Heildarverð 31.12.2019.....	9.284.571
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 4.600.224)
Heildarverð 31.12.2020.....	4.684.347
Afskrifað samtals 1.1.2019.....	7.315.501
Afskriftir færðar út .....	( 922.115)
Afskriftir ársins .....	741.972
Afskrifað samtals 31.12.2019.....	7.135.358
Afskriftir færðar út .....	( 4.600.224)
Afskriftir ársins .....	1.439.913
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	3.975.047
Bókfært verð 31.12.2019.....	2.149.213
Bókfært verð 31.12.2020.....	709.300
Afskriftahlutföll .....	25%-60%

## 14. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	<b>2020</b>		<b>2019</b>	
	<b>Eignarhlutur</b>	<b>Bókfært verð</b>	<b>Eignarhlutur</b>	<b>Bókfært verð</b>
Fluglestin þróunarfélag ehf., Reykjanesbær	20,4%	157.621	20,4%	157.621
Keilir, miðstöð vísinda.fr. ehf., Reykjanesb. ..	0,02%	0	16,0%	15.000.000
		<u>157.621</u>		<u>15.157.621</u>

Hlutfé í Keilir, miðstöð vísinda.fr. ehf var lækkað í 500 þús kr. í árslok 2020 og í kjölfarið komu að félaginu nýir hluthafar með nýtt hlutfé. Áhrif þessa eru að eignarhlutur félagsins lækkaði úr 16% í 0,02% og virði eignarhlutans orðið óverulegt og hann framseldur án gagngjalds á árinu 2021. Í ljósi þessa var eignarhluturinn færður að fullu niður í ársreikningi 2020.

## 15. Skatteign

Skatteign greinist þannig:

	<b>2020</b>	<b>2019</b>
Skatteign í ársbyrjun .....	2.945.166	0
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	( 2.945.166)	2.945.166
Skatteign í árslok .....	<u>0</u>	<u>2.945.166</u>

Skatteign skiptist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir .....	( 3.725)	( 57.258)
Viðskiptakröfur .....	1.086.975	997.024
Frestaður gengismunur .....	( 1.185.337)	( 462.640)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	34.105.879	2.468.040
Niðurfærsla skatteignar .....	( 34.003.792)	0
Skatteign í árslok .....	<u>0</u>	<u>2.945.166</u>

# Skýringar

## 16. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 20,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

## 17. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019.....	20.000.000	5.000.000	1.956.312.536	1.981.312.536
Hagnaður ársins .....			82.605.987	82.605.987
Eigið fé 31.12.2019.....	20.000.000	5.000.000	2.038.918.523	2.063.918.523
Tap ársins .....			( 173.256.194)	( 173.256.194)
Eigið fé 31.12.2020.....	20.000.000	5.000.000	1.865.662.329	1.890.662.329

## 18. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2020 nam 170,5 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2020 er nýtanlegt sem hér segir:

	2020	2019
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 .....	12.340.203	12.340.203
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030 .....	158.189.192	
Ójafnað skattalegt tap samtals .....	170.529.395	12.340.203

## 19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Í árslok 2020 nemur skuld félagsins við hluthafa sinn 170,6 millj. kr. og var að mestu greidd í ársbyrjun 2021. Um er að ræða innheimta lóðarleigu fyrir hönd hluthafa að frádregnum kostnaði.

# Undirritunarsíða

Steinunn Sigvaldadóttir

Ísak Ernir Kristinsson

Elín Árnadóttir

Einar Jón Pálsson

Reynir Sævarsson

Pálmi Freyr Randversson

Skúli Eggert Þórðarson

Óskar Sverrisson